

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 13. desember 2019
UST201911-036/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 8. nóvember sl. þar sem áformað var áminna rekstraraðila vegna frávika er komu fram í eftirliti þann 11. september 2019 aflagða sorpbrennslustöð Sorporkustöðvar Hofshrepps að Svínafelli í Örafum. Þann 28. nóvember barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

1. a- og h-lið 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðilar atvinnurekstrar skulu tryggja að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun frá starfsemi þeirra og að allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar þegar starfsemi er stöðvuð endanlega til að komast hjá allri hættu á mengun og koma staðnum, þar sem starfsemin fer fram, aftur í viðunandi horf eins og skilgreint er í 16. gr. Frágangi á brennsluofni og búnaði er ekki lokið. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að sveitarfélagið hafi haft samband við eiganda hússins þar sem ofninn er geymdur. Skv. honum sé aðgengi að ofninum erfitt þar sem vélum og tæki hafi verið komið fyrir í húsinu og að eigandinn hafi lokað kyrfilega fyrir húsið fyrir veturinn. Skv. úrbótaáætlun mun eigandinn sjá um að fjarlægja ofninn nk. vor með því að setja rör undir ofninn og rúlla honum þannig út. Við þetta muni hann njóta aðstoðar sveitarfélagsins sem muni sjá um flutning á ofninum í samstarfi við lögreglu og koma ofninum í réttan farveg. Sveitarfélagið muni skoða hvort það sé hægt að nota ofninn í brotajárn eða hvort þurfa að farga honum vegna mögulegrar mengunar. Áætluð verklok eru 1. ágúst 2020 og mun sveitarfélagið upplýsa UST um framvindu málsins og tilkynna stofnuninni með formlegum hætti þegar ofninn hefur verið fjarlægður.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 36.900 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
Sviðsstjóri



Frigg Thorlacius
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands